



Reykjavík, 27. ágúst 2019
1905148/5.1.4/hbs

Efni: Leiðbeiningar um skráningu þungunarrofs á heilbrigðisstofnunum

[Ný lög um þungunarrof](#) taka gildi þann 1. september nk. Af því tilefni gefur Embætti landlæknis út leiðbeiningar um skráningu þungunarrofs á heilbrigðisstofnunum.

Útgáfu umsóknareyðublaðs verður hætt

Í nýju lögunum kemur fram að „...sjálfsforræði kvenna sem óska eftir þungunarrofi sé virt“. Frá og með 1. september nk. munu konur því sjálfar geta tekið ákvörðun um að undirgangast þungunarrof og ekki þarf lengur samþykki læknis eða félagsráðgjafa. Vegna þessarar breytingar mun því ekki lengur þurfa að fylla út umsóknareyðublað um þungunarrof sem Embætti landlæknis hefur annast útgáfu á. Útgáfu eyðublaðanna verður því hætt frá og með 31. ágúst 2019.

Í nýjum lögum er áfram gert ráð fyrir að landlæknir haldi ópersónugreinanlega skrá yfir þungunarrof og er tilgangur hennar að veita yfirsýn yfir þessa tegund heilbrigðisþjónustu. Í stað upplýsinga af eyðublaði mun þungunarrofsskrá landlæknis, eftir gildistöku laganna, byggja á skráðum sjúkdómsgreiningum og aðgerðakóðum úr sjúkraskrákerfum. Sjúkdómsgreiningar og aðgerðakóðar berast landlækni nú þegar rafrænt frá öllum heilbrigðisstofnunum. Til þess að gögn um þungunarrof fullnægi upplýsingaþörf embættisins þarf að gæta að því að skráning á heilbrigðisstofnunum sé samræmd og viðeigandi kóðar notaðir.

Skráning þungunarrofs

Landlæknir gefur heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsmönnum fyrirmæli um tiltekna lágmarksskráningu upplýsinga þegar einstaklingar leita heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt lágmarksskráningartilmælum skal skrá sjúkdómsgreiningar í samræmi við gildandi útgáfu ICD-10 og aðgerðir eftir Norrænni flokkun aðferða og aðgerða í skurðlækningum, NCSP eða NCSP-IS. **Við skráningu á þungunarrofi skal ávallt skrá bæði sjúkdómsgreiningu og aðgerðarkóða.**

Sjúkdómsgreining

Við skráningu á þungunarrofi skal ávallt nota ICD-10 sjúkdómsgreiningarkóðann **O04.9 þungunarrof, fullkomið eða ótilgreint, án fylgikvilla**. Til þess að mæta þörf fyrir upplýsingar um meðgöngulengd í tengslum við þungunarrof hefur fyrrnefndur kóði verið útvíkkaður í sex mismunandi kóða en almenni kóðinn felldur út. Hver kóði inniheldur upplýsingar um þungunarrofið ásamt lengd meðgöngu í vikum.

O04.9A Þungunarrof (<9 vikur), fullkomið eða ótilgreint, án fylgikvilla

O04.9B Þungunarrof (9,0-12,0 vikur), fullkomið eða ótilgreint, án fylgikvilla

O04.9C Þungunarrof (12,1-16,0 vikur), fullkomið eða ótilgreint, án fylgikvilla

O04.9D Þungunarrof (16,1-20,0 vikur), fullkomið eða ótilgreint, án fylgikvilla

O04.9E Þungunarrof (20,1-22,6 vikur), fullkomið eða ótilgreint, án fylgikvilla

O04.9F Þungunarrof (23+ vikur), fullkomið eða ótilgreint, án fylgikvilla

Í tilvikum þar sem þungunarrofið sjálft hefur heppnast en **meðferðin hefur í för með sér tiltekna fylgikvilla** skat nota eftirfarandi sjúkdómsgreiningarkóða eftir því sem við á:

- 004.0 Þungunarrof, ófullkomið, fylgikvilli kynvegs- og grindarholssýking
- 004.1 Þungunarrof, ófullkomið, fylgikvilli tafin eða óhófleg blæðing
- 004.4 Þungunarrof, ófullkomið, án fylgikvilla
- 004.5 Þungunarrof, fullkomið eða ótilgreint, fylgikvilli kynvegs- og grindarholssýking
- 004.6 Þungunarrof, fullkomið eða ótilgreint, fylgikvilli tafin eða óhófleg blæðing

Hafi þungunarrof misheppnast og fóstur er enn lifandi skal nota eftirfarandi sjúkdómsgreiningarkóða:

- 007.4 Misheppnað þungunarrof, án fylgikvilla

Áhersla skal lögð á að kóðar fyrir þungunarrof eru ekki sömu kóðar og notaðir eru fyrir sjálfkrafa fósturlát. Verði sjálfkrafa fósturlát skal nota **003 kóða** eftir því sem við á.

Aðgerð

Við skráningu á þungunarrofi skal nota eftirfarandi NCSP eða NCSP-IS aðgerðakóða:

Aðgerð	Kóði í NCSP flokkunarkerfinu	Kóði í NCSP-IS flokkunarkerfinu
Þungun rofin með aðgerð	LCH00	LCXH00
Þungun rofin með lyfjum	LCH12	LCXH12
Aðgerð vegna resta í legi eftir þungunarrof með lyfjum	LCH13	LCXH13
Aðgerð vegna resta í legi eftir þungunarrof með aðgerð	LCH15	LCXH15



Alma D. Möller
Landlæknir